

Nd.

300. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flntt samkv. beiðni hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi, og eru ástæður teknar fram í bréfi nefndarinnar, sem fylgir hér með.

Fylgiskjal.

pt. Litla-Árskógssandi, 10. marz 1930.

Herra alþingismaður Bernharð Stefánsson.

Samkvæmt ósk ábúandans á Selá og útgerðarmanna á Hanganesi hér í hreppi, leyfum við nndirritaðir okknr, fyrir hönd hreppsnefndar Árskógshrepps, að fara þess á leit við yðnr, að þér flytjið fyrir núverandi Alþingi löggilding hafnar á Selárvík hér í hreppi.

Aðalástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að nokkur vélbátaútgærd er á Hanganesi við Selárvík nú þegar og líkur fyrir að aukist í nánustu framtíð. En þeir annmarkar eru á, að batar þessir fast ekki vatnygðir í bátahyrðarfélagi hér, vegna þess að höfnin er ekki löggilt, þrátt fyrir það að höfnin verður að teljast mjög gott bátalægi.

Sömuleiðis er mikil vankvæði á að fá stærri skip til að taka verzlunarfisk eða aðrar afurðir, vegna þess að höfnin er ólöggilt. Veldur þetta, sem hér hefir verið nefnt, miklum erfiðleikum fyrir þá, er hér eiga hlut að máli, og því æskilegt, að þetta nái sem fyrst fram að ganga.

Hreppsnefnd Árskógshrepps mælir því ákveðið með því, að Selárvík verði löggilt.

Til skýringar skal tekið fram, að jörðin Selá ásamt Hanganesi er ríkiseign.

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi.

Virðingarfyllt

Kr. Eldjárn Kristjánsson.

Sigurvin Edlónsson.